



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 30/2012

um lokun póstafréiðslu á Flateyri (póstnúmer 425)

I. Erindið

Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) barst erindi, dags. 12. september 2012, frá Íslandspósti hf. um lokun póstafréiðslu á Flateyri (póstnúmer 425).

Í erindinu segir m.a.:

„Íslandspóstur hefur starfrækt póstafréiðslu í samstarfi við Landsbankann síðastliðin ár. Landsbankinn lokaði með stuttum fyrirvara afgangið sinni á Flateyri þann 1. júní sl. Frá þeim tíma hefur starfsmaður ÍSP haft opna afgangið í eina klukkustund á dag í húsnæði bankans. Ljóst er að ekki er í boði að vera í því húsnæði mikið lengur. ÍSP telur að ekki séu viðskiptalegar forsendur fyrir því að starfrækja þar póstafréiðslu áfram og óskar eftir því að fá að loka afgangið þarna og bjóða þess í stað upp á þjónustu póstafréiðslu.“

Þær upplýsingar sem fylgdu með erindi Íslandspósts, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglna nr. 504/2003, voru eftirfarandi:

- 1) „Skv. skráin Íslandspósts eru 100 heimili og 15 fyrirtæki á Flateyri. 214 íbúar eru skráðir á Flateyri skv. Hagstofu.
- 2) Pósthúsið þjónar fyrst og fremst íbúum á Flateyri.
- 3) Dreifing verður í höndum póstafréiðslu/bílstjóra. Allar sendingar munu fara frá Ísafirði. Þessi aðili heimsækir öll heimili og fyrirtæki og verður hægt að póstafréiðslu hjá honum. Einnig verður hægt að panta þjónustu/viðkomu í síma á viðverutíma starfsmanns.
- 4) Samgöngur við svæðið eru nokkuð greiðar. Snjómokstur er 5 sinnum í viku.

- 5) Samkvæmt tölum frá 2011 úr pósthöfu þar er meðalfjöldi skráðra afgreiðslna um 12 á dag (8 afhentar/4póstlagðar). Íslandspóstur hefur ekki upplýsingar um afgreiðslur sem fóru í gegnum kerfi samstarfsaðila þ.e. stakar afgreiðslur og frímerkjasölu en metur að þær séu innan við 10 á dag, er sú tala byggð á reynslu starfsmanna ÍSP sem hafa rekið afgreiðslu þar frá 1. júní.
- 6) Í stað afgreiðslu munu íbúar fá þjónustu með heimaakstri 5 sinnum í viku, sambærilegri og er í sveitum og minni bæjarfélögum. Póstkassi verður á Flateyri og leitað verður leiða til að fá aðila til að selja frímerki í þorpinu.

Þá kom einnig fram að Flateyri tilheyrði sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ. Póstur væri (er nú þegar) flokkaður á Ísafirði og ekið þaðan á Flateyri þar sem pósthúll myndi dreifa og taka á móti sendingum. Vegalengd á milli Ísafjarðar og Flateyrar væri 22 km.

Framkvæmdarlega væri um að ræða sömu úrlausn og á Flúðum, Stokkseyri, Hellisandi, Stöðvarfirði og fleiri stöðum af sambærilegri stærð.

Í erindinu óskaði Íslandspóstur eftir að fá að loka afgreiðslunni frá og með 1. nóvember 2012.

II. Málsmeðferð

1.

Með bréfi PFS, dags. 18. september 2012, var erindi Íslandspósts sent Ísafjarðarbæ til umsagnar í samræmi við heimildarákvæði 4. mgr. 5. gr. reglna um staðsetningu afgreiðslustaða o.fl. nr. 504/2003 og þess óskað að sveitarfélagið skilaði inn umsögn fyrir 2. október 2012. Með tölvupósti PFS til sveitarfélagsins, dags. 12. október 2012 var ósk stofnunarinnar um umsögn ítrekuð.

Athugasemdir sveitarfélagsins bárust síðan með bréfi, dags. 25. október 2012, í þeim segir m.a.:

„Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 24. september sl., var lagt fram bréf frá Póst- og fjarskiptastofnun dagsett 18. September sl., þar sem óskað er umsagnar Ísafjarðarbæjar á beiðni Íslandspósts um lokun póstaafgreiðslu á Flateyri, póstnúmer 425. Óskað er umsagnar Ísafjarðarbæjar.

Formanni bæjarráðs var falið að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Íslandspósts vegna fyrirhugaðrar lokunar póstaafgreiðslunnar á Flateyri. Sá fundir hefur nú verið haldinn og það kom m.a. fram að stjórnendur Íslandspósts væru að skoða þetta mál með mögulegri annarri lausn en landpósti/bíl.

Ísafjarðarbæ hefur borist bréf frá Íbúasamtökum Önuðarfjarðar dagsett 8. október sl., þar sem fyrirhugaðri lokun afgreiðslu er harðlega mótmælt.

Fjarlægðin frá Flateyri í næstu póstaafgreiðslu, sem er á Ísafirði, eru um 25 km hvora leið. Í tengslum við almenningsamgöngur í Ísafjarðarbæ, eru þrjár ferðir á hvern virkan dag á milli Flateyrar og Ísafjarðar. Ferðirnar eru fyrst og fremst tímasettar vegna vinnu og skólagöngu. Tími á milli ferða

frá og til nemur allt frá tveimur og hálfri klukkustund upp í fjórar klukkustundir.

Ekki eru allir íbúar á Flateyri það vel settir að vera með eigin bifreið og hvort eð er þá væru frátafir frá vinnu óásættanlegar fyrir launþega sem atvinnurekendur.

Ísafjarðarbær telur því ekki forsvaranlegt að lögð verði niður póstafréiðsla á Flateyri í núverandi mynd, nema til komi önnur útfærsla á þjónustu Íslandspósts þar.“

2.

Athugasemdir Ísafjarðarbæjar voru sendar Íslandspósti til umsagnar og barst umsögn fyrirtækisins með tölvupósti, dags. 29. október 2012, þar kemur eftirfarandi m.a. fram um mögulega aðra lausn á útfærslu á þjónustu Íslandspósts á staðnum:

„Það má segja að frá því að fundurinn var haldinn hafi ekki fundist á þessu tímabili nein vænleg né skynsamleg lausn er varðar það að opna aðra afgreiðslu með sambærilegu sniði. Vandinn er því miður sá, að ekki eru nægjanlegar rekstrarforsendur að vera með einn dreifingaraðila og síðan annan aðila sem rekur póstafréiðslu, (starfsmaður, húsaleiga og annar beinn og óbeinn kostnaður). Okkar reynsla er einnig sú að „tekjuvæntingar“ þeirra sem boðið hafa fram krafta sína til að sinn póstverkefnum eru oft á tíðum óraunhæfar og í litlu samræmi við umfang verkefna.

Íslandspóstur hefur nú sent daglega starfsmann frá Ísafirði sl. 6 mánuði til Flateyrar sem sinnt hefur bæði dreifingu og afgreitt í húsnæði LÍ í eina kl. á dag. Afgreiðslur hafa að jafnaði verið fáar og afgreiðslutíminn dugað.

Um 70-80% allra verkefna sem pósturinn þarf að sinna á Flateyri snúast um dreifingu (daglegan útburð), einungis 20-30% af verkefnum er unnin í afgreiðslu. Því teljum við að það sé bæði skynsamlegt, hagkvæmt og auðvelt að sameina dreifingu og móttökuhlutann í eitt starf, samlegðaráhrifin eru ótvíræð.

Okkar reynsla er einnig sú að þetta fyrirkomulag gengur vel og þegar fólk venst því þá verða flestir sáttir og mörgum finnst þjónustan betri. Engin sérstök þörf á að vera fyrir íbúa að fara sérstaklega til Ísafjarðar til að sinna pósterindum, því að starfsmaðurinn kemur í þeirra götu, heimili og jafnvel vinnustað, daglega.“

III.

Forsendur og niðurstaða

1.

Almennt

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, skal íslenska ríkið tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Talið er upp í 3. mgr. 6. gr. hvaða þjónustupættir skulu að lágmarki vera innifaldir í alþjónustuhugtakinu og er

aðgangur að póstafrgreiðslu einn af þeim. Í 4. gr. laganna er hugtakið afgreiðslustaður skilgreint með eftirfarandi hætti:

„Afgreiðslustaður: Aðstaða, þ.m.t. póstkassar fyrir almenning á opinberum stöðum eða í húsnæði rekstrarleyfishafa, þar sem viðskiptavinir geta lagt inn póstsendingar.“

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um pósthjónustu nr. 19/2002 er tekið fram að orðið afgreiðslustaður sé í frumvarpinu tekið upp „ sem almennt heiti á þeirri aðstöðu þar sem almenningi býðst að afhenda póstsendingar. Af því leiðir að póstkassar teljast formlega til afgreiðslustaða. Þetta er mikilvægt þar eð það gerir Póst og fjarskiptastofnun kleift að setja reglur um staðsetningu póstkassa auk afgreiðslustaða í hefðbundnum skilning.

Eins og sjá má af ofangreindri skilgreiningu sem og umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu er meginhlutverk afgreiðslustaða að vera móttökustaður fyrir póstsendingar. Annað veigamikið hlutverk afgreiðslustaða er að vera afhendingarstaður þegar viðskiptavinur þurfa t.d. að ná í skráðar sendingar sem ekki eru bornar beint út til viðskiptavinar s.s. bögglar ýmiskonar og ábyrgðarsendingar.

Í reglum nr. 504/2003, um staðsetningu, fyrirkomulag og öryggismál á afgreiðslustöðum fyrir pósthjónustu, sem PFS gaf út með heimild í 3. mgr. 15. gr. og 24. gr. laga um pósthjónustu, er eftirfarandi ákvæði um fjölda afgreiðslustaða Íslandspósts hf.

"Miðað skal við að núverandi fjöldi afgreiðslustaða Íslandspósts sé nægjanlegur til að veita þá hjónustu sem Íslandspósti ber að veita samkvæmt lögum.

Ef Íslandspóstur hins vegar hyggst leggja niður afgreiðslustað þá skal beiðni þar að lútandi lögð fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar. Við mat á beiðni skal eftirfarandi lagt til grundvallar:

- 1. Fjöldi íbúa á því svæði sem afgreiðslustaðnum er ætlað að þjóna.*
- 2. Stærð þess svæðis sem afgreiðslustaðurinn þjónar.*
- 3. Möguleiki íbúa á að sækja hjónustu annað.*
- 4. Samgöngur á svæðinu.*
- 5. Fjöldi afgreiðslna á afgreiðslustaðnum á ári.*
- 6. Annað sem getur haft áhrif á möguleika íbúa á að sækja pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu.*

Hyggist Íslandspóstur breyta rekstrarfyrirkomulagi afgreiðslustaðar, svo sem með því að ganga til samninga við þriðja aðila um rekstur afgreiðslu, þá skal beiðni þar að lútandi lögð fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar. Við mat á beiðni skulu sömu viðmið og í 2. mgr. lögð til grundvallar eftir því sem við á.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að leita umsagnar sveitarstjórna um þau atriði sem talin eru upp í 2. mgr., á þeim stöðum þar sem fyrirhugað er að leggja niður afgreiðslu eða breyta rekstrarfyrirkomulagi.

Íslandspósti ber að tilkynna lokun á afgreiðslustað til Póst- og fjarskiptastofnunar með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Breytingar á rekstrarfyrirkomulagi skal tilkynna með eins mánaðar fyrirvara.“

Eins og fram kemur í 1. mgr. 5. gr. reglnanna þá ganga þær út frá þeirri grunnforsendu að núverandi fjöldi afgreiðslustaða sé nægjanlegur til að veita þá þjónustu sem Íslandspósti ber að veita lögum samkvæmt. Ef Íslandspóstur hyggst hins vegar loka afgreiðslustað þá skal leggja slíka beiðni fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar, sbr. 2. mgr. Tiltekið er í 6 töluliðum hvað Póst- og fjarskiptastofnun ber að leggja til grundvallar við mat á beiðni Íslandspósts um lokun afgreiðslustaðar. Töluliðir 2, 3, 4 og 5 ganga út frá þeirri forsendu að skoða þurfi með tilliti til staðháttá hvort íbúarnir geti sótt þjónustu til einhvers annars afgreiðslustaðar sem Íslandspóstur rekur. Töluliðir 1 og 5 taka til þess umfangs þess reksturs sem fram fer á þeim afgreiðslustað sem til stendur að loka.

Leggja þarf sjálfstætt mat á hverja beiðni um lokun póstafrgreiðslna, með hliðsjón af þessum skilyrðum. Verður nú gerð grein fyrir afstöðu PFS að því er varðar lokun póstafrgreiðslunnar á Flateyri.

2.

Atriði sem koma til skoðunar

2.1 Fjöldi íbúa á því svæði sem afgreiðslustaðnum er ætlað að þjóna og stærð svæðisins, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglnanna

Fyrsta atriðið sem líta ber til er fjöldi íbúa á því svæði sem um ræðir. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandspósti eru 100 heimili og 15 fyrirtæki á Flateyri og samkvæmt Hagstofu Íslands er fjöldi íbúa á Flateyri 214. Engar athugasemdir bárust frá sveitarfélaginu vegna þessa atriðis og verða því umræddar tölur lagðar til grundvallar í ákvörðun þessari.

Í erindi Íslandspósts er vísað til þess að um sömu úrlausn sé að ræða og á Flúðum, Stokkseyri, Hellisandi, Stöðvarfirði og fleiri stöðum af sambærilegri stærð. Afgreiðslustaður Íslandspósts á Hellisandi þjónaði 185 heimilum og 25 fyrirtækjum, sbr. ákvörðun PFS nr. 15/2009, á Stokkseyri þjónaði afgreiðslustaður fyrirtækisins 170 heimilum og 10 fyrirtækjum, sbr. ákvörðun PFS nr. 24/2007, sjá einnig ákvarðanir PFS nr. 10 og 11 frá árinu 2011 og ákvörðun PFS nr. 17/2012.

Úrskurðanefnd fjarskipta- og póstmála hefur einnig í tveimur úrskurðum fjallað um sambærilegar breytingar á þjónustustigi, sbr. úrskurðir nefndarinnar nr. 3/2007 og 7/2008. Í úrskurði nefndarinnar nr. 7/2008 komst nefndin svo að orði:

„Með þeim breytingum sem Íslandspóstur hf. boðaði við pósthjónustu á Laugum verður ekki séð að Íslandspóstur hf. standi ekki lengur við þessar skyldur. Landpósturinn mun taka á móti póstsendingum á ferðum sínum og er því þessi þjónusta síst óaðgengilegri flestum neytendum en áður. Þjónustustig gagnvart íbúum Lauga er það sama og það sem flestir íbúar utan þéttbýliskjarna njóta.“

Fjöldi skráðra afgreiðslna á dag árinu 2011 var 10 og hafði sú tala ekki aukist eftir þær breytingar sem gerðar voru þann 1. júní sl.

Með hliðsjón af þessum ákvörðunum verður að telja að fjöldi heimila og fyrirtækja á Flateyri sé ekki nægjanlegur til að það geti komið í veg fyrir lokun núverandi afgreiðslu á Flateyri, sem áður var rekin í samstarfi við Landsbanka Íslands hf., en gert er ráð fyrir að afgreiðslan þjóni fyrst og fremst íbúum á Flateyri. Þá verður heldur ekki talið miðað

við umfang rekstursins að skylt sé að leita samstarfs við annan rekstraraðila um rekstur afgreiðslustaðar.

Íbúar staðarins mun eftir sem áður hafa aðgang að afgreiðslustað eftir breytingarnar þó að hann verði ekki lengur á fyrirfram skilgreindum stað heldur í formi svokallaðs pósthúls, þar sem hægt verður að sinna allri almennri þjónustu eins og verið hefur.

2.2. Möguleiki íbúa á að sækja þjónustu annað og samgöngur á svæðinu, sbr. 3 og 4 tölul. 1. mgr. 5. gr. reglnanna.

Í erindi Íslandspóstis kemur fram undir þessum lið að dreifing verði í höndum pósthúls/bílstjóra og að allar sendingar muni fara frá Ísafirði. Þessi aðili heimsæki öll heimili og fyrirtæki og jafnframt verði hægt að pósthleggja hjá honum sem og að panta þjónustu/viðkomu í síma á viðverutíma starfsmanns. Samgöngur við svæðið séu greiðar og snjómokstur sé 5 sinnum í viku.

Af ofangreindu má ráða að gert er ráð fyrir að starfsmaður Íslandspóstis fari á hvert heimili og beri út póst ásamt því að taka við póstsendingum sem aðilar þurfa að senda frá sér. Einnig kemur fram að einstaklingar og fyrirtæki geti haft samband við viðkomandi starfsmann og pantað þjónustu á viðverutíma starfsmanns. Þessi yfirlýsing verður ekki skilin öðruvísi en hægt sé að mæla sér mót við starfsmanninn á heimili sem og vinnustað og afhenda þær póstsendingar sem viðkomandi þarf að koma í póst. Að jafnaði ætti því ekki að koma til þess að íbúar Flateyrar þyrftu að sækja pósthjónustu til Ísafjarðar, eins og skilja má umsögn Ísafjarðarbæjar. Þó að hér sé um stigsmun að ræða frá því sem verið hefur verður ekki séð að þessi munur á þjónustu geti réttlæt að rekin sé sérstök póstafrgiðsla og skiptir þá ekki máli hvort hús sé rekin sem sjálfstætt pósthús eða í samstarfi við annan aðila. Er við það mat einnig horft til heildarfjölda afgreiðslna á degi hverjum sem og fjölda skráðra sendinga, sbr. umfjöllun undir lið 2.3.

Ekki ætti því að koma til þess að íbúar Flateyrar þyrftu að sækja þjónustu út fyrir byggðarlagið.

2.3. Fjöldi afgreiðslna á ári, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglnanna.

Samkvæmt upplýsingum frá Íslandspósti er meðalfjöldi skráðra afgreiðslna í kringum 12 á degi hverjum.

Að mati PFS gefa umræddar tölur um fjölda afgreiðslna ekki tilefni til að ætla að nauðsynlegt sé að halda rekstrinum áfram í óbreyttri mynd. Er þá einkum horft til þess að í raun eru það einungis hinnar svokölluðu skráðu sendingar sem kalla á það að starfsmaður Íslandspóstis og viðskiptavinur hittist til að fylla út nauðsynleg fylgigögn. Öllum almennum bréfum verður hægt að koma í póstkassa sem staðsettur verður á Flateyri, en gert er ráð fyrir að hægt verði að kaupa frímerki á staðnum.

2.4. Annað sem getur haft áhrif á möguleika íbúa á að sækja pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu.

Eins og fram hefur komið hyggst Íslandspóstur í stað hefðbundins afgreiðslustaðar, reka pósthúll með bréfbera/bílstjóra og ná í sendingar heim til einstaklinga og/eða fyrirtækja, þ.e. sambærilega þjónustu og fyrirtækið hefur boðið upp á í dreifbýli um áratugaskeið og nú hin síðari ár í minni bæjarfélögum eftir að rekstri hefðbundins afgreiðslustaðar hefur verið hætt. Auk þess mun áfram verða staðsettur póstkassi á Flateyri þar sem hægt verður að pósthleggja bréf í, en aðgangur að póstkassa er innifalinn í skilgreiningu á afgreiðslustað samkvæmt lögum um pósthjónustu.

Í umsögn sveitarstjórnar er lokun póstafrgreiðslunnar á Flateyri mótmælt og vísað m.a. til fjarlægðar í næstu póstafrgreiðslu sem staðsett er á Ísafirði.

Með vísun til þess sem fram kemur hjá Íslandspósti hér að ofan um tilhögun þjónustu sem og fjölda afrgreiðslna verður ekki séð að knýjandi þörf sé á því að reka afrgreiðslustað á Flateyri með sambærilegum hætti og verið hefur hingað til.

Þá er rétt að taka fram, að lög og reglur á sviði póstafrjónustu setja ekki neinar þær hömlur á Íslandspóst, að óheimilt sé að hagræða í rekstri fyrirtækisins. Þvert á móti er það eitt af markmiðum laganna að sú þjónusta sem veitt er undir merkjum póstafrjónustu sé rekin með hagkvæmum hætti, sbr. 1. gr. laga um póstafrjónustu. Miðað við þau umsvif sem eru á núverandi afrgreiðslu á Flateyri verður að telja að lokun póstafrgreiðslunnar sé einnig réttlætanager út frá hagkvæmissjónarmiðum enda stendur íbúum til boða að hafa beint samband við þann starfsmann Íslandspósts sem sinnir þjónustunni og mæla sér mót við hann á heimili eða vinnustað.

3.

Lágmarkskröfur um gæði þjónustu

Auk ofangreindra viðmiða sem taka ber tillit til við mat á því hvort heimila megi lokun póstafrgreiðslustaða, ber m.a. að virða kröfur um gæði póstafrjónustu. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 19/2002 um póstafrjónustu skal íslenska ríkið tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstafrjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanagerlegu verði. Aðgangur að póstafrgreiðslur er einn af þeim þáttum sem falla undir alþjónustu, sbr. 3. mgr. 6. gr. laganna, sbr. einnig 5. gr. reglugerðar nr. 364/2003 um alþjónustu og framkvæmd póstafrjónustu. Þá er kveðið á um það í 11. gr. laganna að Póst- og fjarskiptastofnun beri að tryggja við val á rekstrarleyfishafa til þess að fara með einkarétt ríkisins, að veitt verði fullnægjandi þjónusta um allt land, auk þess sem í 22. gr. er laganna er áskilin krafa um gæði alþjónustu. Í alþjónustureglugerðinni eru tilgreindar þjónustu- og gæðakröfur varðandi útburð og opnunartíma afrgreiðslustaða. Í 12 gr. reglugerðarinnar kemur fram að opnunartími afrgreiðslustaða skuli taka mið af almennum opnunartíma samsvarandi þjónustu, en við mat á því hvað telst hæfilegur opnunartími má einnig taka mið af fjölda íbúa á því svæði sem afrgreiðslustaðurinn þjónar sem og stærð svæðisins sem um ræðir.

Að mati PFS munu þær breytingar sem Íslandspóstur leggur til ekki hafa áhrif á ofangreindar lágmarkskröfur um gæði þjónustu.

4.

Samantekt

Ein meginskylda Íslandspósts er að afhenda bréf og böggla til skráðs viðtakanda sem og að móttaka bréf og böggla til póstafrmeiðferðar frá viðskiptavinum sínum. Engin breyting er boðuð af hálfu Íslandspósts varðandi útburð póstafrsendinga á svæðinu. Breytingin felst eingöngu í þeim þætti starfseminnar er varðar móttöku sendinga á sérstöku afrgreiðslustað. Með þeim breytingum sem Íslandspóstur hefur boðuð með lokun afrgreiðslustaðarins á Flateyri, sem fram til 1. júní 2012 var rekinn í samstarfi við Landsbanka Íslands, verður ekki séð að fyrirtækið standi ekki lengur við þessar skyldur. Bréfberi/bílstjóri mun nú taka á móti póstafrsendingum frá íbúum og fyrirtækjum á Flateyri með sama hætti og hann hefur gert hjá íbúum utan þéttbýlis um áraraðir og nú í seinni tíð á minni þéttbýliskjörnum víðs vegar um landið, s.s. Eyrarbakka, Stokkseyri og Stöðvarfirði svo einhverjir staðir séu nefndir. Ekki verður annað séð en að eina

hugsanlega óhagræðið sem í þessu felst sé að ekki er lengur afgreiðslustaður með fyrirfram skilgreindum opnunartíma. Á móti kemur að íbúar geta hringt í bréfbæra/bílstjóra og pantað þjónustu á viðverutíma starfsmannsins eins og segir í skýringum Íslandspósts með breytingunum. Póstkassi verður á Flateyri og í hann verður áfram hægt að koma almennum bréfum til skila sem bera með sér að burðargjöld hafi verið greidd. En aðgangur að póstkassa er hluti af skilgreiningu á hugtakinu afgreiðslustað samkvæmt lögum um pósthjónustu. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar eru þær breytingar sem boðaðar eru á þjónustuháttum til þess fallnar að minnka þörfina fyrir að reka hefðbundinn afgreiðslustað á Flateyri. Tölur um fjölda afgreiðslna á staðnum benda einnig til þess að notkun afgreiðslustaðarins hafi ekki verið í því mæli að það geti réttlæt nauðsyn þess að hann sé rekinn áfram í óbreyttri mynd, en ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að vefengja umræddar tölur.

Jafnframt er það mat stofnunarinnar að sú þjónusta sem Íslandspóstur hyggst bjóða íbúum á Flateyri fullnægi gæðakröfum laga um pósthjónustu nr. 19/2002, sem og þeim skyldum sem hvíla á fyrirtækinu sem alþjónustuveitanda.

Að öllu framangreindu virtu þá er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að Íslandspósti skuli heimilt að loka afgreiðslustað fyrirtækisins að Flateyri sem fram til 1. júní 2012 var rekin í samstarfi við Landsbankann en frá því að bankinn lokaði sinni afgreiðslu hefur afgreiðsla Íslandspósts verið opin eina klukkustund á dag.

Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir beiðni Íslandspósts hf., dags. 12. september 2012, og heimilar fyrirtækinu að loka póstaafgreiðslu fyrirtækisins á Flateyri, sem áður var rekin í samstarfi við Landsbanka Íslands.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 30. október 2012

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson